

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	5. ágúst
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir
Verkefni/tillaga:	Undirbúningur að opnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karla
Þjónustubáttur:	Heimilisláusir með miklar og flóknar þjónustubarfir
Stofnun/kostn.st.:	Velferðarsvið/Vesturmiðstöð
Fjárhæð:	155 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Lagt er til að velferðarráð samþykki að hefja undirbúning að opnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karla sem hafa nýtt sér neyðarskýli Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir að í húsnæðinu, sem er staðsett í miðborg sé hægt að veita sex – til sjö körlum húsnæði og stuðning. Starfsópi var falið að vinna kostnaðarmetna tillögu að rekstri heimilisins sem lögð var fyrir fund velferðarráðs þann 14. september 2022. Tillögunni var vísað til fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Markmið tillögunnar er að auka þjónustu og stuðning við heimilislausa karla með miklar og flóknar þjónustubarfir til að þurfa ekki að vísa þeim frá neyðarskýlum borgarinnar.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Já. Tillagan snertir einungis karla sem dvalið hafa í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar en mikil aukning hefur orðið á gistinóttum í neyðarskýlunum. Reykjavíkurborg rekur neyðarskýli fyrir konur í samstarfi við Rótina en sama aukning hefur ekki orðið gistinóttum þar. og því þarf ekki að bregðast við á sama hátt. Þann 1. október 2021 voru 214 karlar heimilisláusir og 87 konur.

Hvaða hópa snertir tillagan?

Heimilislausa karla með miklar og flóknar þjónustubarfir.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan bætir þjónustu við jaðarsettan hóp karlanna.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Ekki er talin þörf á jafnréttismati. Góð tölfræði, rannsóknir og greiningar liggja fyrir í málaflokknum, sjá Úttekt Reykjavíkurborgar: Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir 1. okt. 2021 og því góð yfirsýn yfir stöðu í málefnum heimilislausra kvenna og karla með miklar og flóknar þjónustuparfir.